

Nefndarálit og þingsályktun **um skýrslu kirkjuráðs um fjármál Þjóðkirkjunnar.**

Flutt af fjárhagsnefnd.

Frsm. Gísli Jónasson.

Fjárhagsnefnd hefur farið yfir tillögu að fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar fyrir árið 2022 og hefur nefndin lagt til margvíslegar breytingar- og hagræðingartillögur sem birtast í þeirri áætlun sem hér er lögð fram.

Sú fjárhagsáætlun sem lögð var fram á októberþingi kirkjuþings gerði ráð fyrir rekstrarhalla upp á 465 milljónir. Ekki tókst að ná fram jöfnuði gjalda og tekna í meðförum nefndarinnar, en með margvíslegum og oft sársaukafullum niðurskurði tókst að ná rekstrahallanum niður í 175 milljónir. Fjárhagsnefnd bendir á að afar brýnt er að ná jafnvægi í fjármálum Þjóðkirkjunnar og telur óhjákvæmilegt að því markmiði verði náð á næstu tveimur árum. Er því beint til allra aðila sem koma að starfi kirkjunnar að gæta ýtrasta aðhalds í fjármálum og leita allra leiða til hagræðingar. Einnig þarf að ljúka vinnu við að endurskipuleggja rekstrarsvið kirkjunnar þannig að allt verklag og verkferlar verði sem skýrast og þjóni þörfum kirkjunnar sem best.

Fjárhagsnefnd bendir á, að til þess að fjármagna þann hallarekstur sem fyrirsjáanlegur er á næsta ári þarf að eiga sér stað áframhaldandi hagræðing á fasteignasviðinu og jafnframt einhver sala eigna. Nefndin bendir einnig á að mjög brýnt er, að þegar í stað verði farið í þá vinnu að móta heildstæða eignastefnu þjóðkirkjunnar þannig að öll sala eigna og hugsanlegar fjárfestingar verði samkvæmt skýrri eignastefnu. Í þessari vinnu ber þá líka að skoða sérstaklega þá margvíslegu möguleika, sem fyrir hendi kunna að vera, til að auka tekjur af eignum kirkjunnar, t.d. með samstarfi við aðra aðila.

Þá bendir fjárhagsnefnd einnig á, að nauðsynlegt er að endurskoða allt starfsmannahald kirkjunnar og leita aukinnar hagræðingar í þeim efnum enda nema launagreiðslur u.þ.b. 77% af heildartekjum kirkjunnar. Vegna fyrirliggjandi fjárhagsstöðu er ljóst, að á árinu 2022 verður að leita allar leiða til að fækka stöðugildum starfsmanna Þjóðkirkjunnar. Er því brýnt að þeirri skoðun á þjónustuþörf í grunnþjónustu kirkjunnar sem lögð er til í 22. máli þessa þings verði unnin eins hratt og framast er unnt, þannig að sú heildarstefna sem þar verður mörkuð nýtist sem best við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023.

Fjárhagsnefnd bendir einnig á, að nýsamþykkt skipulag á yfirstjórn kirkjunnar, sem innleitt verður um næstu áramót, mun væntanlega leiða til einhverra þeirra breytinga sem geta haft áhrif á fjárhagsáætlun vegna ársins 2022. Sömuleiðis hefur endanlegur útreikningur á gagngreiðslu ríkisins fyrir árið 2022 skv. kirkjujarðasamkomulaginu ekki borist enn. Fjárhagsnefnd mun því taka fjárhagsáætlunina til skoðunar fyrir fundi kirkjuþings í mars 2022.

Þá áréttar fjárhagsnefnd mikilvægi þess að kirkjuþing leiti allra leiða til að styrkja sóknir landsins í því, að ná fram leiðréttingu á sóknargjaldinu.

Fjárhagsnefnd leggur til að kirkjuþing samþykki fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar vegna ársins 2022 með eftirfarandi þingsályktun:

Þingsályktun um fjármál kirkjunnar.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir fjárhagsáætlun kirkjunnar fyrir árið 2022.

Reykjavík, 19. nóvember 2021.

Fjárhagsnefnd.

Gísli Jónasson, formaður.

Einar Már Sigurðarson.

Gísli Gunnarsson.

Gunnlaugur Garðarsson.

Hermann Ragnar Jónsson.

Hreinn Hákonarson.

Svana Helen Björnsdóttir.